

Hópuppsagnir í desember 2020 og á árinu 2020

Hópuppsagnir í desember 2020

Þrjár tilkynningar um hópuppsagnir bárust Vinnumálastofnun í desember þar sem 137 starfsmönnum var sagt upp störfum, 94 í menningar, íþrótt og tómstundastarfsemi, 32 í iðnaði og 11 í flutningastarfsemi. Uppsagnirnar koma allar til framkvæmda í apríl 2021.


Tilkynningar á árinu 2020

Á árinu 2020 barst Vinnumálastofnun 141 tilkynning um hópuppsagnir, þar sem 8.789 manns var sagt upp störfum. Þetta er mesti fjöldi hópuppsagna sem tilkynntur hefur verið til Vinnumálastofnunar á einu ári. Á hrunárinu 2008 var 5.074 manns sagt upp störfum í 103 tilkynningum og á árinu 2009 var alls 1.780 manns sagt upp störfum í 54 tilkynningum.

Flestir misstu vinnuna á árinu 2020 í ferðatengdri starfsemi, þ.e. ferðabjónustu, gisti- og veitingabjónustu, farþegaflutningum o.fl. eða alls 7.280 eða um 83% af öllum hópuppsögnum, 811 í verslun og vöruflutningum eða rúm 9% allra hópuppsagna, í iðnaði 174, í menningar, íþrótt og tómstundastarfsemi 147, í byggingariðnaði 96, í sjávarútvegi 95, í upplýsingatækni 62, í ýmsri þjónustu 53, í fasteignasölu og leigu 31, í fjármála – og váttryggingastarfsemi 27 og í opinberri þjónustu 13.

Mynd 1


Tilkynntar hópuppsagnir eftir atvinnugreinum á árinu 2020



Um 65% tilkynntra hópuppsagna á árinu 2020 voru á höfuðborgarsvæðinu, um 23% á Suðurnesjum, rúm 5% á Suðurlandi, um 3% á Norðurlandi eystra, um 2% á Vesturlandi og um 1% á Austurlandi og um 0,5% á Vestfjörðum.


Mynd 2 sýnir skiptingu tilkynntra hópuppsagna á landshluta.

Mynd 2
Skipting hópuppsagna eftir landshlutum á árinu 2020



Á mynd 3 má sjá að 8.278 þeirra hópuppsagna sem tilkynnt var um á árinu 2020 komu til framkvæmda á því ári en 500 hópuppsagnanna á árinu 2020 koma til framkvæmda á árinu 2021.

Mynd 3
Hvenær hópuppsagnir sem tilkynntar voru árið 2020 koma til framkvæmda



Í töflu 1 má sjá hvernig hópuppsagnir sem tilkynntar voru á árinu 2020 dreifðust á mánuði og hve mörgum var sagt upp í hverjum mánuði með hópuppsögnum.

Tafla 1. Hvenær tilkynningar um hópuppsagnir á árinu 2020 bárust


	Uppsagnir		Tilkynningar	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
jan.	95	1,1%	3	2,1%
feb	40	0,5%	1	0,7%
mars	1.245	14,2%	30	21,3%
apríl	4.703	53,5%	57	40,4%
maí	1.323	15,1%	23	16,3%
júní	147	1,7%	3	2,1%
júlí	381	4,3%	4	2,9%
ágúst	284	3,2%	4	2,9%
sept.	324	3,7%	9	6,4%
okt.	70	0,8%	2	1,4%
nóv.	40	0,4%	2	1,4%
des.	137	1,5%	3	2,1%
<i>Alls</i>	<i>8.789</i>	<i>100%</i>	<i>141</i>	<i>100%</i>

Hópuppsagnir sem komu til framkvæmda á árinu 2020

Alls komu 8.505 hópuppsagnir til framkvæmda á árinu 2020, 227 úr tilkynningum sem bárust á árinu 2019 og 8.278 úr tilkynningum sem bárust á árinu 2020. Á mynd 4 má sjá hve margar hópuppsagnir komu til framkvæmda í hverjum mánuði á árinu 2020.

Mynd 4

Hópuppsagnir sem komu til framkvæmda á árinu 2020 úr tilkynningum sem bárust í lok árs 2019 og á árinu 2020



Hópuppsagnir síðustu ár

Samtals hefur 21.349 manns verið sagt upp í hópuppsögnum á tímabilinu 2008 til 2020. Flestir misstu vinnuna á árinu 2020 eða alls 8.789 manns og á þriggja mánaða tímabili frá desember 2008 til febrúar 2009 og svo næstu 3 mánuði þar á eftir.

Mynd 5 sýnir þróun fjölda tilkynntra hópuppsagna árin 2008 til 2020.

Mynd 5
Fjöldi tilkynntra hópuppsagna eftir árum 2008-2020

